

1. mál

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 2011
Áhrif uppfærslu þjóðhagsspár 23. nóvember 2010

Í þessu minnisblaði er lagt út frá samanburði á þjóðhagsspám Hagstofunnar frá 15. júní og 23. nóv. sl. og þeim breytingum sem þessi uppfærsla ein og sér veldur á áætlun um skatttekjur ríkissjóðs. Breytingar á tekjuáætlun sem eiga sér aðrar orsakir eru því ekki meðtaldar í þeim tölum sem hér koma fram.

Vaxtatekjuáætlun ríkissjóðs verður einnig fyrir áhrifum af uppfærslunni en hún er hér aðgreind frá skatttekjuáætlun. Aðrar tekjur en skatttekjur og vaxtatekjur verða fyrir minniháttar áhrifum sem ekki er gerð grein fyrir hér.

Vísað er til þjóðhagsspár Hagstofu Íslands sem birt var á vef Hagstofunnar 23. nóvember og kynnt á fundi efnahags- og skattanefndar 26. nóvember sl. Tekið skal fram að misjafnt er eftir hinum ýmsu tegundum skatta og gjalda hvaða liðir þjóðhagsspár eru lagðir til grundvallar áætlunum, og á hvern hátt. Fjármálaráðuneytið hefur farið yfir þjóðhagsspána og helstu óvissuþætti hennar með sérfræðingum Hagstofu með hliðsjón af efnahagsþróuninni og tekjuþróun ríkissjóðs á yfirstandandi ári, og því hvernig breytur spárinnar nýtast við að áætla þróun helstu skattstofna ríkissjóðs.

Helstu þættir þjóðhagsspár Hagstofunnar 23. nóv. 2010 og samanburður við fyrri spá

Þjóðhagsyfirlit	júní	nóv.
Einkaneysla	3,4	2,6
Samneysla	-3,8	-4,3
Fjármunamyndun	25,2	14,9
Atvinnuvegir	44,9	23,5
Íbúðarhúsnaði	9,1	20,8
Starfsemi hins opinbera	-23,5	-18,9
Þjóðarútgjöld	4,0	2,4
Útflutningur alls	1,8	1,0
Innflutningur alls	3,2	2,0
Verg landsframleiðsla	3,2	1,9
Minnisatriði		
Vísitala neysluverðs	3,5	2,3
Gengisvísitala	-0,6	-2,1
Atvinnuleysi (% af vinnuafli)	8,3	7,3
Launavísitala	5,2	4,4
Stýrivextir	7,6	5,4
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	3,7	3,6
Mannfjöldi á vinnufærum aldri	-0,7	-0,5
Unnin ársverk	0,8	0,8
VLF á nafnvirði (ma.kr.)	1.720	1.629

Hagvaxtarhorfur eru nú lakari en í júní eða 1,9% í stað 3,2%. Allir helstu liðir innlendarar eftirspurnar leggja minna til hagvaxtar en í fyrri spá; einkaneysla og fjármunamyndun vaxa minna og samneysla dregst meira saman (sjá töflu.) Tveir veigaminni undirliðir fjármunamyndunarinnar (í íbúðarhúsnaði og hins opinbera), leggja þó meira til en áður, svo og fjárfesting atvinnuvega í öðru en stóriðju. Fjármunamyndun atvinnuvega í heild verður hins vegar verulega minni en í fyrri

spá vegna frestunar stóriðjuframkvæmda. Á vinnumarkaði verður atvinnuleysi minna og eftirspurn eftir vinnuafli meiri en í fyrri spá. Nafnlaun og ráðstöfunartekjur hækka minna en í júnispánni en verðbólga verður einnig minni og kaupmáttur ráðstöfunartekna nánast óbreyttur. Forsendur tekjuáætlunar eru því verri en áður en þó ekki verulega í þeim tilvikum þar sem kaupmáttur ráðstöfunartekna er talinn ráða miklu, svo sem um ýmis vörugjöld á vörur til heimilageirans. Lækkun tekjuáætlunar á nafnvirði verður ekki alfarið rakin til veikari skattstofna, þar sem almennt verðlag og nafnlaunastig verður lægra á næsta ári en í fyrri spá. Nafnvirði tekna af hinum ýmsu sköttum verður því minna, og á það við um alla stærstu skattana, þ.á m. virðisaukaskattinn. Krónutölugjöldin svokölluðu, svo sem gjöld á bensín og olíu, áfengi og tóbak, eru hins vegar ósnortnari af verðlagsþróuninni, en þau nema ríflega 10% af skatttekjunum.

Áhrif uppfærslu þjóðhagssparinnar á helstu einstaka liði skatttekna ríkissjóðs eru þau að tekjuskattur einstaklinga lækkar um 1,5 ma.kr. og tryggingagjöld samtals um 1,0 ma.kr., en nú er reiknað með 2,9% nafnvirðishækkun heildarlaunastofnsins milli áranna 2010 og 2011 í stað 4,4% áður. Tekjuskattur lögaðila á árinu 2011 miðast við hagnað ársins 2010 og uppfærslan hefur því óveruleg áhrif á hann. Neikvæð áhrif á tekjur af virðisaukaskatti eru 2,1 ma.kr.

Áhrif uppfærslu þjóðhagsspar 23. nóvember á skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2011

M.kr.	rekstrargr.	greiðslugr.
I Skatttekjur alls	-6.160	-5.970
Skattar á tekjur og hagnað	-1.790	-1.740
Tryggingagjöld	-1.000	-960
Eignarskattar	-20	-20
Skattar á vörur og þjónustu	-3.310	-3.210
Aðrir skattar	-40	-40

Alls eru neikvæð áhrif dekkri þjóðhagshorfa fyrir næsta ár á skatttekjur ríkissjóðs um 6 ma.kr. Þá eru ótalin áhrifin á vaxtatekjuáætlun ríkissjóðs. Hagstofan hefur lækkað spá sína um stýrivexti á árinu 2011 verulega síðan í júní og hefur það bein áhrif á áætlun um vaxtatekjur af banka-reikningum ríkissjóðs, sem er nú lækkuð um nálægt 1,5 ma.kr.

From: elin.gudjonsdottir@fjr.stjr.is [mailto:elin.gudjonsdottir@fjr.stjr.is]

Sent: 2. desember 2010 12:59

To: Eiríkur Áki Eggertsson

Cc: marianna.jonasdottir@fjr.stjr.is

Subject: Tekjuáætlun ríkissjóðs 2011 Br. við 2. umr. fjárlagafrumvarps Til EÁE 021210.xls

Sæll,

meðf. tafla er einnig í viðhengi.

Breyttar tekjuhorfur við 2. umræðu fjárlagafrumvarps 2011 (m.kr.)	rekrægr.	greiðslgr.
Arðgreiðslur	1.000	1.000
Endurskoðun á tekjugrunni 2010	6.400	3.100
Áhrif af lakari efnahagshorfum á skatttekjur	-6.200	-6.000
Tekjuöflunaráform sem ganga ekki eftir	-1.000	-1.000
Lækun tekjuskatts v. yfirfærslu á málefnum fatlaðra	-10.200	-9.400
Endumat vaxtatekna	-900	-1.100
Samtals breyttar tekjuhorfur	-11.000	-13.400
þar af frumtekjur	-10.000	-12.300

Kveðja, Elin